



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Vesturbyggð, 21. janúar 2022
2110045/RH

Efni: Sérstök skilyrði við úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa

Vísað er til bréfs atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins dags. 21. desember 2021 þar sem tilkynnt er um úthlutun byggðakvóta til Vesturbyggðar. Í bréfinu er Vesturbyggð einnig veittur frestur til 21. janúar 2022 til að leggja til við ráðuneytið sérstök skilyrði varðandi úthlutun byggðakvóta sveitarfélagsins til fiskiskipa á fiskveiðíárinu 2021/2022.


Bæjarstjórn Vesturbyggðar tók málið fyrir á 367. fundi sínum þann 19. janúar sl. og bókaði eftirfarandi:

Lagt fram bréf atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins dags. 21. desember 2021 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðíárinu 2021/2022. Einnig lagt fram bréf útgerðaraðila smábáta í Brjánslækjarhöfn dags. 17. janúar 2022, þar sem hafna- og atvinnumálaráð er hvatt til að falla frá vinnsluskyldu á lönduðum afla í Brjánslækjarhöfn.

Gögnin voru tekin fyrir á 36. fundi hafna- og atvinnumálaráðs 17. janúar sl. og lagði ráðið til að farið yrði með úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa samkvæmt reglugerð nr. 995/2021 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðíárinu 2021/2022, þó með sambærilegum sérreglum og staðfestar voru á síðasta fiskveiðíári 2020/2021.

Hafna- og atvinnumálaráð leggur til að sérreglur varðandi úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa í Vesturbyggð samkvæmt reglugerð nr. 995/2021 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðíárinu 2021/2022 verði svohljóðandi:

- a) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: *Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðíárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega, af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.*



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

- b) Ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: *Afli af fiskiskipum sem landað er í sveitarfélagi af bátum sem ekki eru skráðir innan viðkomandi sveitarfélags á sama tíma, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.*
- c) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: *Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2021 til 31. ágúst 2022.*

Til máls tóku: Forseti, ÁS, MJ, RH, FM og JÁ.

Forseti leggur til að tillaga hafna- og atvinnumálaráðs verði staðfest.

Bæjarstjórn Vesturbyggðar samþykkir samhljóða.

Þess er óskað að framangreindar breytingar verðar á almennum reglum um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa skv. reglugerð nr. 995/2021, þegar byggðakvóta er úthlutað til fiskiskipa í Vesturbyggð. Sérreglur þær sem hér eru lagðar til byggja á málefnalegum og staðbundnum ástæðum, þar sem horft er til verðmætaaukningar og atvinnusköpunar vegna byggðakvóta innan sveitarfélagsins í heild sinni. Framangreind tillaga að sérreglum er sambærileg þeim sérreglum sem ráðuneytið staðfesti á fiskveiðíárinu 2020/2021. Eina starfandi fiskvinnslan á sunnanverðum Vestfjörðum er staðsett á Patreksfirði. Það er því mikilvægt að skylt verði að landa afla til vinnslu innan sveitarfélagsins, þar sem ekki er til að dreifa öðrum fiskvinnslum í þeim byggðalögum sem úthlutað er byggðakvóta. Sérreglurnar útiloka þó ekki að ef sett verði á fót fiskvinnsla í öðrum byggðalögum innan sveitarfélagsins sé landað til vinnslu í viðkomandi byggðalagi.

Með vísan til framngreinds er þess óskað að sérreglur Vesturbyggðar um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa í Vesturbyggð á fiskveiðíárinu 2021/2022 verði staðfestar af hálfu ráðherra og birtar í Stjórnartíðindum.

Fyrir hönd Vesturbyggðar,

Rebekka Hilmarsdóttir
Bæjarstjóri
BÆJARSTJÓRI